

Ed.

255. Frumvarp til laga

[134. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja sveitarsjóði Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtaldar eyðijarðir þar í hreppi: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík.

Verð jarðanna fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi, sbr. útdrátt úr fundargerð nefndarinnar, frá 11. febr. 1967, sem prentaður er sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Allar eyðijarðirnar, sem hér um ræðir, eru í svonefndum Fjörðum, er fyrrum voru allmannargir, en hafa nú í nálega fjórðung aldar verið mannauðir. Ekkert bendir til, að byggð risi þarna á ný.

Síðan byggðin eyddist, hafa bændur í Grýtubakkahreppi rekið þangað fé sitt til sumarþeir, án samninga við ríkisvaldið, og engar deilur af því risið. Hins vegar telur sveitarstjórnin æskilegra og eðlilegra, að hreppurinn eignist þetta af-réttarland, sem er eingöngu notað af íbúum hans.

Seinustu hæir í Fjörðum fóru í eyði árið 1944. Samkvæmt bókinni „Byggðir og bú“, sem Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu gaf út árið 1963, fóru jarðir þær, sem Grýtubakkahreppur nú vill kaupa, í eyði sem hér segir: Gil 1899, Tindriðastaðir 1944, Brekka 1924, Þönglabakki 1944, Botn 1944, Keflavík 1906.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr gjörðabók hreppsnefndar Grýtubakkahrepps 11. febr. 1967.

— — „2. mál.

Rætt var um kaup á eyðijörðum á afréttarsvæðum hreppsþúa og svofellð til-laga samþykkt með öllum atkvæðum:

Fundurinn samþykkir að fara þess á leit við Karl Kristjánsson alþingismann, að hann flytji nú á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um, að sveitarsjóður Grýtubakkahrepps fái keyptar eyðijarðirnar: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík, sem allar eru í Grýtubakkahreppi, en í ríkiseign.“

Rétt afrit staðfestir,

Lómatjörn, 16. febr. 1967.

Oddviti Grýtubakkahrepps, Sverrir Guðmundsson.